



# ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 10.4. 2019

**Efni: Umsögn varðandi ósk Golfklúbbs Brautarholts um styrk frá Reykjavíkurborg.**

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur fjallað um erindi Golfklúbbs Brautarholts varðandi styrki vegna starfsemi sinnar.

Reglur ÍTR og ÍBR um styrki vegna æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum kveða á um styrki til íþróttafélaga vegna barna- og unglingastarfs og vegna afrekshópa. Við áætlun styrkja er gengið út frá fjölda æfingahópa, fjölda iðkenda og aldri. Í tilfelli Golfklúbbs Brautarholts er um að ræða frekar fáa iðkendur sem falla undir þessa skilgreiningu enda félagið tiltölulega ungt auk þess sem börn og ungmenni í nærumhverfi félagsins er tiltölulega fá miðað við önnur hverfi borgarinnar. Engu að síður telur ÍBR forsendur vera til þess að styrkja félagið í samræmi við áður nefndar reglur.

Varðandi styrki til rekstrar þá er ekkert félag af sömu stærðargráðu ef miðað er við iðkendur sem fær rekstrarstyrki. ÍBR telur því ekki forsendur til þess að mæla með því að Brautarholt fái rekstrarstyrk miðað við núverandi stöðu mála.

Hvað varðar styrki til framkvæmda þá fagnar íþróttahreyfingin í Reykjavík því ávallt þegar ný íþróttamannvirkni verða til. Það má til sanns vegar færa að fleiri golfvelli vanti í Reykjavík ef horft er til almennrar notkunar. Stjórn ÍBR telur mikilvægt að horft sé til þess hvar mest er þörf á íþróttamannvirkjum og forgangsraðað á slíkum forsendum.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri